

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 100 – 06.05.2008

Þriðjudaginn 6. maí, árið 2008, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 13.15 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Skagafjarðarveitna ehf 2007
2. Vorfundur Samorku á Akureyri 22. – 23. maí nk.
3. Skýrsla ÍSOR um eftirlit með jarðhitavinnslu Skv. 2005 og 2006.
4. Hitaveita í Austur-Fljótum (tilboð í rannsóknir frá ÍSOR).
5. Erindi frá Kiwanisklúbbnum Drangey.
6. Erindi frá Lionsklúbbi Sauðárkróks.
7. Bréf frá Hendrik Berndsen v/ húseignar á Hofsósi.
8. Nordisk drykkjarvatnsráðstefna í Ósló 9. – 11. júní nk.
9. Vatnsmál fyrir Vindheimamela.
10. Önnur mál.
 - a. Fundarboð Svartárdeildar Veiðifélags Svartár
 - b. Túnaðarmál

Afgreiðslur:

1. Kristján Jónasson endurskoðandi hjá KPMG á Sauðárkróki kom á fundinn undir þessum lið. Skýrði hann ársreikning Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2007. Rekstarhagnaður félagsins var kr. 7.514.062.- Heildareignir félagsins eru að upphæð kr. 1.022.321.644.- og eigið fé kr. 381.117.452.-. Aðalfundur verður ákveðinn síðar.
2. Lögð fram dagskrá Vorfundar Samorku á Akureyri 22. – 23. maí nk. Þeir stjórnarmenn sækja fundinn sem hafa tök á, ásamt Páli Pálssyni og Gunnari Birni Rögnvalssyni.
3. Lögð fram skýrsla ÍSOR dags mars 2008 um eftirlit með jarðhitavinnslu Skagafjarðarveitna ehf. 2005 – 2006 unnin af Gunnari Þorgilssyni, Magnúsi Ólafssyni og Guðna Axelssyni.
4. Lagt fram tilboð frá ÍSOR í rannsóknir á hitaveitusvæðum í Austur Fljótum dags 2. apríl 2008 að upphæð 718.840.-. Samþykkt að taka tilboðinu.
5. Lagt fram erindi frá Kiwanisklúbbnum Drangey með ósk um styrkveitingu til kaupa á nýjum bíl til handa Sambýli fatlaðra á Sauðárkróki. Stjórn Skv. samþykkir styrkja erindið um kr. 100.000.-
6. Lagt fram erindi frá Lionsklúbbi Sauðárkróks með ósk um móttöku gesta í Dælustöð í Borgarmýrum 24. maí nk. Erindið samþykkt.

7. Lagður fram tölvupóstur frá Hendrik Berndsen dags 28. mars sl. varðandi lagnir að Sætúni 2 Hofsósi. Stjórn hafnar að verða við erindinu. Páli falið að svara bréfinu.
8. Lögð fram dagskrá Nordisk drykkjavatnsráðstefnu sem haldin verður í Ósló 9. – 11. júní nk. Samþykkt að Páll Pálsson sækir ráðstefnuna.
9. Páll Pálsson kynnti stöðu mála um vatnsöflum fyrir Vindheimamela. Páli falið að vinna áfram að málinu.
10. Önnur mál.
 - a. Lagt fram fundarboð Svartárdeildar veiðifélags Svartár í Árgarði miðvikudaginn 7. maí n.k. kl. 20.30. Samþykkt að Pétur Valdimarsson sækir fundinn fyrir Skv.
 - b. Sjá túnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.10

Árni Egilsson (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.